

4. Heimild, sem fjármálaráðuneytið metur gilda, er veiti ótvíræðar upplýsingar um hestaflafjölda viðkomandi vélar. Fylgi slík heimild ekki endurgreiðslubeiðni skal líta svo á, að umrædd vél sé 14 hestöfl eða færri.
5. Endurgreiða skal því aðeins innflutningsgjald af bensíni, sem notað hefur verið á vélbát til fiskveiða að umsækjandi sanni með vottorði skattstjóra, að hann hafi haft tekjur af fiskveiðum á því ári, sem bensínið var notað. Endurgreiðslan skal vera innan þeirra marka, sem um getur í 2. gr., en má þó eigi nema hærri upphæð en sem svarar 1/10 hluta tekna, sem viðkomandi hafði af fiskveiðum á báti þeim, sem um ræðir, að frádregnum kostnaði við að afla þeirra.

Ef vísitandi eru gefnar rangar upplýsingar í endurgreiðslubeiðnum eða vottorðum, varðar það refsingu samkvæmt 145. gr. hinna almennu hegningarlaga, eftir því sem við á.

4. gr.

Endurgreiðslubeiðnir skal senda til sýslumanna, bæjarfógeta eða hreppstjóra, í Reykjavík til lögreglustjóra, sem síðan senda beiðnir áfram til fjármálaráðuneytisins. Fjármálaráðuneytið sendir síðan endurgreiðslurnar til sýslumanna og bæjarfógeta, sem annast útborgun þeirra, sem í hlut eiga.

Erindi um endurgreiðslur innflutningsgjalds af bensíni fyrir undanfarið ár skulu vera komin til réttis lögreglustjóra fyrir 15. febrúar. Öll slík erindi skulu hafa borist fjármálaráðuneytinu í síðasta lagi 15. mars. Erindi, sem berast ráðuneytinu eftir 15. mars, koma til afgreiðslu næsta ár á eftir.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 9 20. janúar 1971. Reglugerðin öðlast þegar í stað gildi.

Fjármálaráðuneytið, 26. júní 1975.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 107 30. maí 1974, sbr. reglugerð nr. 266 1. október 1974 um breyting á þeirri reglugerð.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhöggun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá I greiðir samlagsmaður fyrstu 200 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá II (sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 400 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk, er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974, og öðlast gildi 1. júlí 1975.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. júní 1975.

Matthías Bjarnason.

Almar Grimsson.

25. júní 1975.

Nr. 286.

G J A L D S K R Á

yfir gjald af einkasöluvörum.

Áhöfnum og farþegum, sem við komu til landsins hafa meðferðis meira magn af einkasöluvörum en heimilt er án greiðslu gjalda, sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 272/1969 og 2. gr. reglugerðar nr. 117/1972, skal heimilt að greiða einkasölugjald af því sem umfram er samkvæmt gjaldskrá þessari, enda hafi viðkomandi vörum verið framvísað við tollgæslu, áður en tollskoðun hófst í farangri viðkomandi:

A. Áfengi:	0.375 l	0.75 l
1. Rauðvín, hvítvín, heit vín, vermouth og aperitivar	kr. 325	kr. 650
2. Íslenskar áfengistegundir	— 900	— 1 800
3. Koniak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, rom, líkjörar svo og aðrar sterkar tegundir ót. a.	— 1 550	— 2 900
B. Tóbak:		
1. Reyktóbak	kr. 1 550	pr. tylft eða lb.
2. Vindlingar	— 1 400	pr. karton
3. Smávindlar	— 140	pr. 10 stk.
Meðalstærð	— 425	pr. 25 stk.
Vindlar aðrir	— 750	pr. 25 stk.

Sé um að ræða aðrar þakningar en að ofan greinir, skal greitt hlutfallslega.

Gjaldskrá þessi er sett skv. heimild í 5. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá nr. 53/1975 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 25. júní 1975.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.